Starhagi - Deiliskipulag

Gildandi deiliskipulag fyrir Starhaga - Þormóðsstaðaveg **Mkv. 1:2.000**

Gildandi deiliskipulagsuppdáttur samþykktur í borgarráði 10. september 2009

Deiliskipulagsbreyting - Aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll

Deiliskipulagbreyting fyrir Starhaga - Þormóðsstaðaveg - TILLAGA **Mkv. 1:2.000**

Aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Skýringar

- Staðsetning breytingar í aðalskipulagi
- Afmörkun breytingar
- Lóðir
- Helgunarsvæði flugbrautar
- 20 P — Fjöldi bílastæða á lóð
- Byggingarreitur lendingarljósa
- Sparkvellir
- Opið svæði
- Göngu- og hjólastígar
- Fyrirhuguðu lega Ægissíðu
- Ströndin / fjaran
- 220-59 — Minjastaðir / fornminjar
- Verndarsvæði fornminja
- Hverfisvernd



Snið A-A' - Aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll **Mkv. 1:500**



Skýringarmynd **Skipulagssvæðið með loftmynd** **Mkv. 1:2.000**



Skýringarmynd **Útlit** **Mkv. ca 1:250**

Deiliskipulagsbreyting -

GREINARGERÐ

1.Inngangur

1.1 Afmörkun og stærð deiliskipulagssvæðis

Deiliskipulagsbreyting þessi nær til um 5 ha svæðis við Starhaga og vestan við Suðurgötu, sem er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og verður í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 strandsvæði (ST6). Breytingin nær til aðflugsljósa í tengslum við Reykjavíkurflugvöll. Skipulagssvæðið stækkar lítillega til suðurs.

1.2 Markmið

Markmiðið með þessari deiliskipulagsbreytingu er að koma fyrir aðflugsljósum við Suðurgötu að Þormóðsstaðavör Reykjavíkurflugvöll fyrir flugbraut Reykjavíkurflugvallar frá vestri.

1.3 Ferill málsins

Að loknini auglýsingu. (Viðeigandi texti færður inn að loknini auglýsingu).

2.Forsendur, saga, staðháttir og minjar

2.1 Forsendur og markmið skipulagsvinnunnar

Vísast í forsendur gildandi deiliskipulags sem staðfest var í borgarráði Reykjavíkurborgar 10. september 2009. Deiliskipulagsbreytingin verður auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggir á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem hefur verið samþykkt í borgarstjórn, og er í vinnslu að klára. Áætlað er að aðalskipulagið taki gildi í byrjun árs 2014.

2.2 Fornminjar

Í tengslum við vinnu gildandi deiliskipulags og fyrirhugaðar framkvæmdir við sparkvelli KR var unnin sérstök fornleifaskráning á skipulagssvæðinu. Skráningin var unnin af Minjasafni Reykjavíkur í mai og júní 2009 og er skýrsla nr. 145.

Það er niðurstaða Minjavarðar Reykjavíkur að vernda ákveðin svæði fyrir jarðraski og eru þau svæði afmörkuð á uppdrættinum. Þó er heimilt að leggja nýtt gras á svæðinu án þessa að því fylgi jarðrask.

Í tengslum við jarðrask vegna lendingarljósa innan verndarsvæðanna verður unnið í samráði við Minjavernd Reykjavíkur á framkvæmdatíma við uppbyggingu ljósanna.

3. Skipulagslýsing

3.1 Almennt

Breytingin nær eingöngu til staðsetninga á aðflugsljósum fyrir Reykjavíkurflugvöll og eru staðsett í miðlínu aðflugs að flugvellinum frá vestri. Öll ákvæði um gildandi deiliskipulag standa áfram óbreytt.

3.2 Aðflugsljós - byggingarreitir

Á skipulagssvæðinu er að mestu leiti opið svæði til sérstakra nota er mögulegt að staðsetja á 8 skilgreindum byggingarreitum lendingarljósabúnað. Búnaðurinn er steypt undirstaða, burðarvirki úr stáli og lendingarljós á stálbitum. Um er að ræða þrjá mismunandi byggingarreiti.

1. Byggingarreitir A sem eru 4x8 metrar eða samtals 32 m² - Samtals 6 reitir.
   Reitir A er staðsettur í miðri fluglínu frá Suðurgötu og dreifast með reglulegu millibili til vesturs. Á þessum reitum á reina búnað sem samanstendur af steypt undirstöðu, burðarvirki úr stáli og lendingarljósum sem eru fest ofan á burðarvirki úr stáli.Hámarkshæð lendingarljósa á reitum A er á bilinu 3-7 metrar yfir núverandi landi.
2. Byggingarreitir B sem er 4x8 metrar eða samtals 80 m² - Samtals 1 reitur.
   Reitur B er staðsettur austan við núverandi dvalarsvæði og útsýnisstað. Hann samanstendur af tveimur steyptum undirstöðum, burðarvirki úr stáli og lendingarljósum sem eru fest ofan á burðarvirki úr stáli. Hámarkshæð lendingarljósa B er 5 metrar yfir núverandi landi.
3. Byggingarreitur C sem er 4x8 metrar eða samtals 32 m² - Samtals 1 reitur
   Reitur C er staðsettur í jarðvegi og samanstendur af steyptri undirstöðu og lendingarljósum sem eru fest ofan á steypta undirstöðu. Hámarkshæð lendingarljósa C er 0,5 metrar yfir núverandi landi.

3.2.1 Um notkun aðflugsljósanna

Aðflugsljósin eru einungis notuð undir blindaðflug er að flugvellinum í skýjuðu veðri. Verklagsreglur gilda um að hafa slökkt á ljósunum þegar þessar aðstæður eru ekki fyrir hendi.

Aðflugsljósin eru öll með stefnu á einn punkt, sem er leyfilag lágmarks hæð flugvélarinnar, en þar verður flugmaður að sjá ljósin áður en flugvélin heldur áfram til lendingar. Lágmarkshæðin fyrir aðflugð að flugbraut 13 er staðsett á framlengdri miðlínu flugbrautar í 1,3 sjómílna fjarlægð frá flugbrautarenda í 120 m hæð yfir sjávarmáli. Til þess að miða á þennan punkt er hverju ljósi beint um 6 gráður upp og einnig innávið að framlengdri miðlínu flugbrautarinnar, sem er með stefnu á hval út. Aðal ljósdreifing frá hverju ljósi er innan 14 gráðu bils lóðrétt og 13 gráðu bils lárétt. Ofangreindar upplýsingar sýna að geislii frá ljósunum er langt frá húsum norðan aðflugslínu, þannig að truflun á ekki að staðfa frá þeim hjá íbúum á svæðinu.

3.2.2 Aflögð flugbraut og fjarlæging búnaðar

Þegar flugflugbrautin verður lögð niður, skal rekstraraðili Reykjavíkurflugvallar fjarlægja öll mannvirki aðflugsljósanna á skipulagssvæðinu af svæðinu.

3.3 Strönd - fjaran

Á deiliskipulagsuppdrætti er fjaran afmörkuð með sérstakri landnotkun og til að undirstrika það svæði sem fellur undir hverfisvernd - svæði 31 í aðalskipulagi. Lögð er áherslu á ströndin og fjaran verði látin óáreitt, en þó stuðlað að því að hún verði áfram aðgengileg fyrir almenning. Að öðru leiti vísast í umfjöllun um hverfisvernd.

3.4 Hverfisvernd

Samkvæmt kafla 3.1.12 í greinargerð aðalskipulags er ströndin skilgreind sem hverfisvernduð svæði:

„ Svæði 31 - Suðurströnd, Fossvogsbakkar: Fjöðreyktar leirur og strandgróður, rík fuglalíf, setlög með skeljum og þörungum frá hjöskeldi laðdar."

Skipulagsvæðið nær aðeins til hluta þessarar hverfisverndar og á skipulagsuppdrættinum er búið að skilgreina afmörkun svæðisins. Hverfisverndaða svæðið nær til fjöruinnar og að grasþendi við ströndina. Eftir því sem kostur er verður reynt að fella aðflugsljós að umhverfinu á eins látlausann hátt og hægt er og halda óllum framkvæmdum í algeru lágmarki.

3.5 Mat á áhrifum áætlunarinnar

Þar sem mannvirki aðflugsljósanna eru innan hverfisverndarsvæðis eru settar hér fram venslatöflur þar sem lagt er mat á áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. Hér á eftir má sjá venslatöflur þrjá þá tvo kosti sem deiliskipulagsákæðunin setur upp. Í fyrsta lagi er um 0-lausn að ræða og það varri óbreytt ástand með gildandi deiliskipulag, þ.e. engin aðflugsljós.

Venslatafla 1 - Núll-kostur (óbreytt ástand)

	Áhrif (-)	Óverulegt (0)	Þýðingarmikið (+)
Landslag og ásýndir (a)		0	
Verndun og menningarminjar (b)	+	0	
Vistkerfi (c)		0	
Náttúruvernd og vernd lífríki (d)		0	
Vatns- og hreyjar (e)		0	-
Þegnarétt og félagslegir þættir (f)	+	0	

a) Óverulegt áhrif á landslag og upplifun á svæðinu.

b) Jákvæð til óverulegt umhverfisáhrif á náttúru- og menningarminjar. Strandsvæðið, menningarminjar og göngu- og hjólastígurinn drega til sín almenning og útivistarfólk.

c) Óverulegt áhrif eða engin áhrif.

d) Óverulegt áhrif.

e) Óverulegt áhrif.

f) Óverulegt áhrif.

Í breytingartillögunni sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir aðflugsljósum fyrir austur-vestur flugbrautina og lagt mat á áhrif þess búnaðar á umhverfið á skipulagssvæðinu.

Venslatafla 2 - Tillaga að deilskipulagsbreytingu vegna aðflugsljósa flugbrautar.

	Áhrif (-)	Óverulegt (0)	Þýðingarmikið (+)
Landslag og upplifun (a)		0	-
Verndun og menningarminjar (b)		0	
Vistkerfi (c)		0	
Náttúruvernd og vernd lífríki (d)		0	
Vatns- og hreyjar (e)		0	
Þegnarétt og félagslegir þættir (f)	+	0	

g) Engin áhrif á þennan umhverfisþáttt. Aðflugsljós á opnu svæði hafa óverulegg eða neikvæð áhrif á landslag og upplifun á skipulagssvæðinu. Lögð er rík áherslu á búnaðurinn verði felldur á sem bestan hátt að umhverfinu og að hann verði sem minnst áberandi.

h) Óverulegg áhrif ef fylgt er leiðbeiningum sem fram koma í fornleifaskráningu í landi Þormóðsstaða og ákvæðum í deiliskipulagsbreytingu þessari.

i) Áhrif á vistkerfi eru óverulegg eða engin, en ekki er gert ráð fyrir neinum frekari aðgerðum til að styrkja vistkerfið á svæðin.

j) Engin áhrif á þennan umhverfisþáttt.

k) Óverulegg áhrif, en þó er mikilvægt að huga að öryggja öryggi þeirra sem að nota göngu- og hjólastígnin meðfram ströndinni.

l) Tryggir öruggara aðflug og notkun flugbrautarinnar, og þar með jákvæð eða óverulegg umhverfisáhrif á hagrana og félagslega þætti.

Það er eitt af markmiðum deiliskipulagsbreytingarinnar að fella fyrirhugaðar framkvæmdir við aðflugsljós sem best að núverandi aðstæðum. Deiliskipulagstillagan er jafnframt í samræmi við markmið í gildandi aðalskipulagsáætlun svæðisins.

4. Skipulagsskilmálar

4.1 Aðaluppdrættir

Aðaluppdrættir mannvirkja fyrir aðflugsljós Reykjavíkurflugvallar vegna byggingarleyfisumsóknar skulu vera í samræmi við mannvirkjalög og reglugerð, skilmála þessa og önnur þau lög og reglur sem gilda um þennan málaflokk. Aðaluppdrættir, þ.e. endanlegar byggingarnefndarteikningar af útlíti lendingarljósanna skal leggja fyrir umhverfis- og skipulagsráð til samþykktar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____201___.

Tillagan var auglýst frá _____ 201___ með athugasemdafresti til _____ 201___.

_____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____201___.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vð breytingu þessa.

_____

_____

_____

Verkkaupi

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

STARHAGI - Deiliskipulag
Tillaga að deilskipulagsbreytingu
Aðflugsljós vegna Reykjavikurflugvallar

Mælikvarði		Hannað	Teikning nr.
1:2.000		dsk-101	HGG
Dagsetning	Breyting	Teiknað	Blaðstærð
12. des. 2013	B	A2	HGG

Teiknistofan STORÐ

034066-4179
Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt FÍLA

Laugavegi 168 - 105 Reykjavík
511 1820 - 862 1642
netfang: tstord@tstord.is
veffang: www.tstord.is

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI, AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR